

AUGLÝSING**43**
10. janúar

um

viðauka við IX. kafla heilbrigðissamþykta fyrir Reykjavíkurborg frá 30. jan. 1905.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykta fyrir bæjar- og sveitarfélög staðfestist hjér með viðauki við IX. kafla heilbrigðissamþykta fyrir Reykjavíkurborg svohljóðandi:

REGLUR

um

fisksölu.

1. gr.

Þeim einum skal leyfilegt að selja fisk á kaupstaðarlöð Reykjavíkur, sem hlíta reglugjörð þessari.

2. gr.

Í mánuðunum maí, júní, júlí, ágúst og september má ekki selja óslægðan fisk og aldrei má selja fisk, sem legið hefir óslægður lengur en tvo sólarhringa, nema hann sje frostvarinn. Fisk, sem álist skemdur, eða að einhverju leyti óhæfur til mannelis, má aldrei selja.

3. gr.

Þar sem aðgerð á fiski fer fram, skal hafa ílát með loki yfir undir slóg, og skal það tæmt á hverju kvöldi og flutt burtu.

4. gr.

Fisksalar bera ábyrgð á því, að gata, torg eða gangstjett óhreinkist ekki af þeirra völdum.

5. gr.

Fisksali er skyldur að hlýða fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa um hreinlæti við sölu og ræstingu á sölubúðum, vögnum og öðrum sölutækjum.

43

10. janúar

6. gr.

Fisksölubúðir má starfrækja, ef fullnægt er eftirfarandi skilyrðum:

- a. Vatnsleiðsla og skolpleiðsla skal vera í búðinni.
- b. Steinsteypt gólf í allri búðinni og geymsluklefum, sem henni fylgja og veggir lagðir gleruðum flísum, að minsta kosti í 125 cm. hæð.
- c. Í söluklefanum skal vera ílát til þess að þvo fiskinn upp úr áður en hann er lagður á söluborðið og veginn.
- d. Gólf, veggir, borð, trog og önnur ílát, sem notuð eru við fisksöluna, skulu hreinsuð á hverju kvöldi undir eins og söluinni er lokið.

7. gr.

Á götum og strætum má aðeins selja hreinan fisk úr þrifalegum og máluðum vögnum, sem auðvelt er að hreinsa. Ekki mega fisksalar halda kyrru fyrir nema á meðan fiskurinn er látinn af hendi til kaupanda, en þó aldrei á gatnamótum eða þar sem umferð getur truflast af þeirra völdum. Þeir skulu aka vögnum sínum um göturnar og gefa til kynna með kalli að fiskur sje á boðstólum til þess að greiða fyrir söluinni.

8. gr.

Á eftirnefndum stöðum mega fisksalar halda kyrru fyrir og selja fisk úr þrifalegum máluðum vögnum:

- a. Torginu við Framnesveg og Brekkustíg.
- b. Torginu við Gróubæ við Vesturgötu.
- c. Fisksöluskúrnum við Tryggvagötu.
- d. Óðinstorgi við Óðinsgötu og Þórsgötu.
- e. Káratorgi við Kárastíg og Njálsgötu.
- f. Vitatorgi við Hverfisgötu.

Svo og öðrum stöðum og torgum í bænum, sem borgarstjóri tilnefnir.

Þetta er hjermeð gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. janúar 1923.

Sig. Eggerz.

St. Gunnlaugsson.